

Pinggerð

52. ársþing Landsambands hestamannafélaga haldið í Íþróttahúsinu Ísafjarðarbæ 12. og 13. október 2001.

Pingforsetar:

Marínó Hákonarson, Ísafirði
Guðmundur Ingvarsson, Þingeyri

Ritarar:

Inga Ósk Jónsdóttir – aðalritari
Jón Guðni Guðmundsson, Árný Herbertsdóttir, Hálf dán Ingólfsson

Annað starfsfólk:

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri LH og Sólveig Ásgeirsdóttir skrifstofu LH.

Föstudagur 12. október

Formaður LH, Jón Albert Sigurbjörnsson, setti þingið kl. 13:00 föstudaginn 12. október og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann kvað það ánægjulegt að þingið væri á Ísafirði að þessu sinni og það er styrkur fyrir LH að halda þingin víðsvegar um landið.

Pingforsetar voru kjörnir:

Marínó Hákonarson, Hendingu og Guðmundur Ingvarsson, Stormi.

Ritarar voru kjörnir:

Inga Ósk Jónsdóttir, aðalritari, - Jón Guðni Guðmundsson, Árný Herbertsdóttir, Hálf dán Ingólfsson

Marínó Hákonarson tók við þingstjórn, bauð þingfulltrúa velkomna til Ísafjarðar og sagði það mikils virði fyrir heimamenn að fá svona stóran hóp hestamanna til Vestfjarða. Síðan var gengið til dagskrár.

Ávörp gesta:

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar flutti ávarp og bauð hestamenn velkomna vestur á vonandi ánægjulegt og árangursríkt þing. Einnig óskaði hann hestamannafélaginu Stormi til hamingju með 30 ára afmælið. Halldór sagði samskipti bæjaryfirvalda við hestamannafélögin Storm og Hendingu hafa verið ánægjuleg í gegnum tíðina. Hann nefndi einnig að uppbygging aðstöðu hestamanna í Ísafjarðabæ sé til umræðu nú og að æskilegt sé fyrir svæði eins og Ísafjörð, þar sem er lítið undirlendi, að hesthús séu á afmörkuðu svæði. Í skipulagi sé gert ráð fyrir hesthúsabyggð í Engidal og sagðist hann vona að hestamenn safnist þangað en það muni væntanlega taka tíma.

Halldór sagði það mikilvægt að góð sátt sé milli bæjaryfirvalda og hestamanna. Hann hvetur til að hestamenn séu í hestamannafélögum og sagði það einfalda samskipti við bæjaryfirvöld um málefni hestamanna.

Að lokum óskaði hann þingfulltrúum góðrar skemmtunar á balli á laugardagskvöld þar sem samkvæmt auglýsingu yrði “rennt á skeið” en það þá að geyma hestana fyrir utan íþróttahúsið.

Þingforseti þakkaði Halldóri fyrir skemmtilegt ávarp.

Óskaði hann eftir samþykki þingsins fyrir fundarboðun og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti las upp kveðjur til þingsins frá: Páli A. Pálssyni, dýralækni og gullmerkishafa LH sem sendir LH bestu óskir um farsælt og gifturíkt ársþing á Ísafirði. Frá Sigurgeiri Þorgeirssyni, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, sem er erlendis en sendir árnaðaróskir sínar og BÍ til þingfulltrúa. Frá Kristni Jóni Jónssyni, formanni héraðssambands Vestfirðinga.

Félagar heiðraðir:

Jón Albert, formaður LH sæmdi þrjá félagsmenn gullmerki LH fyrir vel unnin störf í þágu hestamennskunnar í landinu. Nýir heiðursfélagar eru eftirtaldir;

Birgir Sigurjónsson, Sörla

Guðmundur Ingvarsson, Stormi.

Rosemarie Þorleifsdóttir, Smára.

Birgir, Rosemarie og Guðmundur ávörpuðu þingið og þökkuðu fyrir.

Þingforseti las upp fleiri kveðjur til þingsins, nú frá Grími Gíslasyni, Blönduósi og Guðna Ágústssyni, landbúnaðarráðherra.

Kjörbréfanefnd skilar álit:

Í kjörbréfanefnd voru Birgir Sigurjónsson Sörla, formaður, Helga Claessen, Fáki og Símon Gestsson, Svaða.

128 þingfulltrúar höfðu rétt til þingsetu í ár, mættir voru 103 en auk þess fóru 5 þingfulltrúar með tvö atkvæði, samkvæmt 5. grein í lögum LH um atkvæðarétt á landsþingi: “Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið, getur landsþingið heimilað að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir.” Þingforseti bar það upp fyrir þingið hvort þeir heimiluðu þessi atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Andvari Hannes Hjartarson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Oddur Hafsteinsson, Erling Ó Sigurðsson, Sveinn Skúlason

Dreyri Ólafur Guðmundsson, Marteinn Njálsson

Faxi Baldur Björnsson, Sigvaldi Jónsson, Ingimar Sveinsson

Fákur Snorri B. Ingason, Birgir Rafn Gunnarsson, Gunnar Maggi Árnason, Helga Claessen, Hjörtur Bergstað, Ólöf Guðmundsdóttir, Bjarni Sigurðsson, Jónas Kristjánsson, Ragnar Petersen, Sigurbjörn Bárðarson, Auðunn Valdimarsson, Gréta Oddsdóttir, Viðar Halldórsson, Snorri Tómasson

Feykir Sigurlína Jóhanna Jóhannesdóttir

Freyfaxi Ármann Magnússon, Bergur Jónsson

Funi Anna Kristín Árnadóttir, Bjarni Guðmundsson

Geysir	Helga Fjöla Guðnadóttir (2 atkvæði), Hermann Einarsson (2 atkvæði), Sigurbjartur Pálsson (2 atkvæði)
Glaður	Bryndís Karlsdóttir, Sigurður Jökulsson
Gustur	Ásgeir Guðmundsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gróa Jónatansdóttir, Guðmundur Hagalínsson, Haraldur Guðfinnsson, Oddný Jónsdóttir, Þóra Ásgeirsdóttir
Háfeti	Ármann Einarsson
Hending	Ása Einarsdóttir
Hornfirðingur	Ingólfur Ingvarsson, Ómar Antonsson
Hringur	Bergljót V. Jónsdóttir, Ásgeir G. Kristjánsson
Hörður	Valdimar Kristinsson, Guðni Indriðason, Einar Ragnarsson, Guðný G. Ívarsdóttir, Þorvarður Friðbjörnsson, Hreinn Ólafsson, Marteinn Magnússon
Léttfeti	Magnús B. Magnússon, Skapti Steinbjörnsson, Sveinn Guðmundsson
Léttir	Sigfús Ólafur Helgason
Ljúfur	Halldór Guðmundsson, Benedikt G. Benediktsson
Logi	Guðný Höskuldsdóttir, María Þórarinsdóttir
Máni	Vilberg Skúlason, Jón B. Ólsen, Margeir Þorgeirsson, Sigurður V. Ragnarsson
Neisti	Hjörtur Einarsson (2 atkvæði)
Skuggi	Ámundi Sigurðsson, Þórður B. Bachmann
Sleipnir	Jón S. Gunnarsson, Þórður Stefánsson, Margrét Ásgeirsdóttir, Sigurrós H. Jóhannsdóttir, Rut Stefánsdóttir
Smári	Lúðvík Kaaber, Anna María Flygering, Sigfús Guðmundsson, Sigurður Steinþórsson
Snæfaxi	Skúli Ragnarsson
Snæfellingur	Sigrún Ólafsdóttir, Skúli Skúlason, Hallur Pálsson
Sóti	Anton Kjartansson, Jörundur Jökulsson
Stígandi	Anna Jóhannesdóttir, Elvar Einarsson, Hinrik Már Jónsson
Stormur	Sigþór Gunnarsson
Svaði	Símon Gestsson, Þorvaldur Gestsson
Sörli	Birgir Sigurjónsson, Soffía Vala Tryggvadóttir, Halldóra Hinriksdóttir, Sigurður E. Ævarsson, Vilhjálmur Ólafsson, Sigríður Sigþórsdóttir
Trausti	Bjarni Þorkelsson, Snæbjörn Sigurðsson
Pytur	Guðmundur Sigurðsson, Gunnar Þórarinnsson, Sigríður Lárusdóttir

Kjör þingnefnda:

Formaður kjörnefndar Guðmundur Hagalínsson, lýsti ánægju sinni með að vera kominn í faðm “Vestfirsku Alpanna” og flutti síðan tillögur nefndarinnar um fulltrúa í þingnefndum.

Fjárhagsnefnd:

Hannes Hjartarsson, Andvara, form.
Anna Jóhannesdóttir, Stíganda
Gunnar Þórarinnsson, Pyti
Viðar Halldórsson, Faki
Haraldur Guðfinnsson, Gusti
Marteinn Magnússon, Herði

Keppnisnefnd:

Einar Ragnarsson, Herði, formaður
Sigurður Ævarsson, Sörla
Bergur Jónsson, Freyfaxa
Hallur Pálsson, Snæfellingi
Lúðvík Kaaber, Smára

Allsherjarnefnd:

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti, formaður
 Jón B. Ólsen, Mána
 Jón S. Gunnarsson, Sleipni
 Sveinn Skúlason, Andvara
 Marteinn Njálsson, Dreyra
 Sigfús Guðmundsson, Smára

Kynbótanefnd:

Hjörtur Einarsson, Neista, formaður
 Elvar Einarsson, Stíganda
 Skapti Steinbjörnsson, Léttfeta
 Sveinn Guðmundsson, Léttfeta
 Hjörtur Bertgstað, Fáki

Æskulýðsnefnd:

Sigurður V. Ragnarsson, Mána, formaður
 Bryndís Karlsdóttir, Glaði
 Anton Kjartansson, Sóta
 Halldóra Hinriksdóttir, Sörla
 Sigríður Lárusdóttir, Þyti
 Oddný Jónsdóttir, Gusti

Ferða- og umhverfisnefnd:

Jónas Kristjánsson, Fáki, formaður
 Bjarni Þorkelsson, Trausta
 Hreinn Ólafsson, Herði
 Hrönn Káradóttir, Grana
 Þórður Backmann, Skugga
 Skúli Ragnarsson, Snæfafa

Fræðslu- og útgáfunefnd:

Helga Fjóra Guðnadóttir, Geysi, formaður
 Skúli Skúlason, Snæfellingi
 Ingimar Sveinsson, Fafa
 Margrét Ásgeirsdóttir, Sleipni
 Benedikt G. Benediktsson, Ljúfi
 Bergljót V. Jónsdóttir, Hring

Laganefnd:

Sigurður Steinþórsson, Smára, formaður
 Guðný Höskuldsdóttir, Loga
 Snorri B. Ingason, Fáki
 Þorvaldur Gestsson, Svaða
 Halldór Halldórsson, Andvara
 Bjarni Guðmundsson, Funa

Aðrir þingfulltrúar hafa frjálst val um hvaða nefnd þeir kjósa að starfa í og skrá sig á mætingalista sem liggur frammi hjá formönnum nefndanna.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH flutti skýrslu stjórnar og vísast til hennar. Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH, fór yfir og útskýrði reikninga LH fyrir árið 2000.

Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga:

Marteinn Magnússon, formaður Harðar var ekki alveg sáttur við sumt í reikningunum og vildi fá skýringu á hvers vegna milliuppgjör hefði ekki verið tilbúið fyrir. Hvatti stjórnina til að hafa reikninga tilbúna 2 vikum fyrir þing. Marteinn taldi milliuppgjör ekki sýna rétta stöðu félagsins enda kæmi oft á daginn við ársuppgjör að staðan væri mun verri en milliuppgjör hefði gefið tilefni til að ætla.

Marteinn sýndi þingfulltrúum á glærum, bæði súlurit og línurit, túlkun fulltrúa Harðar á reikningum félagsins þar sem fram kom m.a. að skrifstofukostnaður hefur aukist miðað við innheimt félagsgjöld og framlög til æskulýðsmála hafa lækkað.

Hann tók fram að hann vildi ekki gagnrýna stjórn og starfsfólk heldur hvetja þau til betri árangurs. Hann sagðist gefa stjórninni gula spjaldið að þessu sinni og vonast til að betri árangur í fjármálum sé í vændum.

Ingimar Sveinsson kom með fyrirspurn úr sæti sínu um hvort uppgjör fyrir Landsmót 2000 væri ekki komið enn. Taldi það nauðsynlegt að fá fyrir næsta Landsmót uppgjör fyrir síðasta Landsmót.

Sigrún Ólafsdóttir tók til máls og tók fram að eftir væri að leggja fram árshlutareikning og skýringar á honum.

Sigrún sagði sumarleyfi vera ástæðuna fyrir því hve seint árshlutareikningurinn var tilbúinn. Hún sagði árshlutareikninga einskorðaða við ákveðna dagsetningu og í hann væru ekki færðar væntanlegar tekjur og gjöld. Tekjur félagsins séu mestar fyrri hluta ársins, seinni hluta árs sé meiri kostnaður og gjöld en litlar aðrar tekjur en Lottó.

Þóra Ásgeirsdóttir þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf, hún sagðist alltaf jafn hissa á því að yfirleitt skuli fást fólk til að starfa í stjórninni og hvatti þingfulltrúa til að gefa stjórninni gott klapp og urðu fulltrúar við því.

Jón Albert sagði að sér væru það mikil vonbrigði að uppgjör Landsmóts 2000 sé ekki tilbúið og að grípa þurfi til róttækra aðgerða verði uppgjör ekki komið fljótlega. Hann svaraði athugasemdum Marteins með því að ekkert samhengi sé milli hve miklum peningum sé eytt í einstaka málaflökka og hve mikið starf sé unnið í þeim. Allt starf sé unnið í sjálfboðavinnu og kosti ekki peninga. Hann sagði að rekstur félagsins væri allur á betri veg og að vonandi yrði búið að ná jafnvægi í rekstrinum eftir þetta ár.

Sveinn Skúlason hafði spurningu um rekstrarreikninginn varðandi tekjur af Norðurlandamóti, styrkur frá Flugleiðum kemur tvisvar fyrir í tekjufærslum.

Haraldur Þórarinnsson sagði reikninga fyrir Landsmót tilbúna en ekki hafi enn tekist að halda aðalfund, verið sé að reyna að innheimta útistandandi auglýsingar og styrki. Tap af Landsmótinu hafi verið rúmlega 798 þúsund krónur. Það sem helst fór úr böndunum við framkvæmd Landsmóts 2000 var aðgöngumiðasala og litasýning.

Sigurður Ragnarsson þakkaði Harðarmönnum fyrir að taka skoðun reikninganna alvarlega og ljóst sé að vaxtagjöld og kostnaður vegna rekstrarhalla samtakanna er óheyrilegur. Á þinginu í fyrra voru samþykkt hærri gjöld til LH og var það réttmæt ákvörðun, hinsvegar tekur tíma að vinna á vandamálinu. Hann sagðist með glöðu geði taka við gulum, rauðum og grænum spjöldum þegar svona málefnaleg umræða væri í gangi.

Páll Dagbjartsson sagðist ekki taka á móti gulum spjöldum með glöðu geði, búið væri að snúa rekstri Skógarhóla algerlega við og skilar hann hagnaði ár eftir ár.

Sigrún Ólafsdóttir gaf skýringu vegna fyrirspurnar Sveins Skúlasonar; styrkur frá Flugleiðum er færður í tvennu lagi í rekstrarreikningi og er samtals 1440 þúsund krónur. Flugleiðir eru stærsti styrktaraðili LH til margra ára. Nú eru samningar lausir og myndi það hafa mikil áhrif á starfsemi LH ef ekki nást sambærilegir samningar.

Þá var skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2000 bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Kaffihlé

Erindi:

Staða reiðvegamála. Sigríður Sigþórsdóttir, formaður ferða- og samgöngunefndar LH flutti erindi um stöðu reiðvegamála, fór yfir söguna, hvað hefði áunnist og hvaða áherslur væru brýnar fyrir hestamenn að beita sér fyrir í framtíðinni.

Jónas Kristjánsson, Fákí, þakkar fyrir greinagóða lýsingu, telur gæta ákveðins misskilnings varðandi hvernig beri að skilgreina stöðu hestamanna gagnvart gjöldum vegna reiðvega. Þörf okkar fyrir reiðvegi stafar af eyðileggingu reiðvega af völdum notkunar bifreiða. Í raun er um að ræða endurvakningu á gömlum reiðvegum og á ekki að koma til gjald á hestamenn vegna þessa.

Birgir Rafn Gunnarsson sagði Fáksmenn hafa mikinn áhuga á reiðvegum, þeir væru duglegir að kaupa hross af bændum en svo væri vandamál að komast á þeim frá hesthúsabyggð Fáks. Árið 1994 var gefið út ritið “Reiðvegir á Íslandi” unnið af Sigríði Sigþórsdóttur, fyrir þá útgáfu fór fram mikil vinnsla á gögnum, forsvarsmenn félaga fóru í gömul kort og fundu upplýsingar um gamlar reiðleiðir. Þessi gögn eru til og það þarf að nota þau í baráttunni þegar verið er að taka af okkur reiðgötur sem búið er að nota áratugum saman. Rafræn skráning reiðvega með GPS staðsetningartækjum er væntanlega framtíðin. Það er ekkert óeðlilegt að umferðin taki þátt í að greiða þann kostnað sem hlýst af að koma okkur frá þeim leiðum sem er búið að taka af okkur.

Erling Sigurðsson taldi erindi Sigríðar og orð Birgis Rafns og Jónasar athyglisverð og sagðist hafa verið mikið í hestamennsku á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega á Fákssvæðinu. Hann sagði að nú væri farið að malbika reiðleiðir og þá er eitthvað mikið að. Hestamenn á höfuðborgarsvæðinu þurftu áður undanþágu til að ríða í gegnum Rauðhóla, sem er friðað svæði. Nú er hins vegar komin þar hjólreiðabraut fyrir torfæruhjól. Við Rauðavatn er komin sér braut sem ætluð er fyrir gangandi vegfarendur og reiðhjól og þar samsíða önnur fyrir hestamenn, sú braut er það mjó að orðið er þröngt fyrir hestamenn að komast leiðar sinnar. Sé hestamaður með 2 til reiðar kemst hann ekki þessa leið nema að fara þann stíg sem ætlaður er fyrir gangandi og hjólandi, en þar er hann breiðari. Hér er ekki spurning um hvort, heldur hvenær verði slys. Vegurinn austur í Grafning var góður í fyrra, í vor var hann ónýtur eftir mótorhjól og jeppa.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson þakkaði Sigríði mikið og gott starf í þágu okkar allra, í þessum málaflokki hafa margir lagt gjörva hönd á plóginn en þó er Sigríður fremst meðal jafningja. Það skiptir miklu máli að eiga svona hæfan talsmann gagnvart hinu opinbera eins og Sigríður er. Að frumkvæði Sveinbjörns gáfu þingfulltrúar Sigríði gott klapp.

Sveinbjörn telur að við eigum að gera kröfur um reiðvegi, hann sé sammála Jónasi og vonar að Jónas skrifi leiðara í Dagblaðið, það skipti máli að taka raunsætt á þessu máli og mynda þrýstihóp gagnvart hinu opinbera. Það eru u.þ.b. 80 þúsund hross á Íslandi, við eigum að gera þá kröfu til skipulagsyfirvalda að fyrst þau leyfa þennan fjölda hrossa, þá geri þau ráð fyrir hvernig eigi að flytja þessi hross til og frá. Vandinn eykst vegna malbikunar um allt land og var þó mikill fyrir, við erum þó á réttri leið. Hestamenn eiga að nýta sér það afl sem þeir geta verið gagnvart stjórnvöldum.

Birgir Sigurjónsson lýsti áhyggjum sínum af slysaþættunni af mótorkrosshjólunum. Þau séu óskráð og ótryggð og þar af leiðandi beri enginn beina ábyrgð af því tjóni sem þau kunni að valda. Eigendur hjólanna hafi tæpast fjárráð til að greiða bætur. Birgir gerir það að tillögu sinni að LH hafi forgöngu um það að þessi hjól verði skráð og tryggð.

Halldór Halldórsson sagði að hestamenn á höfuðborgarsvæðinu hefðu efnt til samstarfs um reiðveganefnd þegar verið var að vinna nýtt skipulag fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin hefði teiknað reiðvegi inn á kort og farið með til þeirra arkitekta er unnu að skipulaginu. Þegar skipulagið var kynnt kom í ljós að tekið hafði verið tillit til reiðleiða í einstaka sveitarfélögum, en annars ekki. Stofnleiðir voru ekki sýndar, þ.e. leiðir milli sveitarfélaga. Ástæðan var að ekki náðist samkomulag milli sveitarfélanna um að sýna stofnleiðirnar á korti. Halldór kvaðst líta á það sem skyldu sveitarfélaganna að sjá til þess að reiðvegir séu í lagi.

Sigríður Sigþórsdóttir þakkaði fyrir hlý orð í sinn garð, hún kvaðst nú ekki vilja eigna sér allan þann heiður sem henni væri ætlaður. Hún sagðist hafa þá sérstöðu að vera menntuð sem arkitekt og hluti af því námi væri skipulagsfræði og hún væri því í aðstöðu til að vita hvað er að gerast í skipulagsmálum um allt land. Allt landið er skipulagsskylt fyrir árið 2005. Sveitarfélög ráða skipulagi, sem er framkvæmt eftir skipulagsupphráttum sveitarfélaga. Við verðum að standa á rétti okkar og sækja rétt okkar. Skipulagslögin eru ekki nógu skýr og því verðum við að ganga eftir að stofnleiðir verði færðar inn á upphrátti.

Sigfús Helgason sagði að lagning reiðvega væri vandi sem víðast brennur á hestamönnum, þetta er eitt af stóru málunum í öllum félögum. Meginþorri hestamanna ríður sér til gamans á reiðvegum sem eru alltof fáir. Okkur hefur tekist vel upp á síðustu 10 árum og ástandið hefur batnað. Þegar deilur stóðu sem hæst um reiðvegi kom Sigríður til skjalanna sem bjargvættur og nú setjast menn niður og tala saman. Heimild til upptöku lands hefur reynst til mikilla bóta.

Ármann Magnússon sagði að vandinn væri víða til, líka austur á Héraði, þar er stuðst við upphrátt Sigríðar við að vinna í skipulagsmálum, vonandi komast sem flestar leiðir inn á skipulag, einnig gömlu póstleiðirnar. Ármann vill flokka reiðleiðir í 3 flokka og vanda mest þá sem eru næst þéttbýlisstöðunum. Talandi um mótorkjól sem vandamál, snjósleðar voru vandamál fyrir austan. Það vandamál leystist þegar hestamenn og snjósleðamenn fóru að tala saman, nú leggja sleðamenn sleðunum á meðan hestamennirnir fara framhjá.

Erindi:

Félagskerfi hestamanna, er þörf á breytingum? Ingimar Ingimarsson, stjórnarmaður í Félagi hrossabænda og Sigurður Ragnarsson, stjórnarmaður í Landssambandi hestamannafélaga fluttu erindi um félagskerfi hestamanna, sögu félaganna og samstarfsvettvang.

Þingforseti kynnti breytingar á dagskrá, Átaksverkefni – kynning á störfum mótahóps, sem Hulda Gústafsdóttir flytur, færist til kl. 13:00 á laugardag.

Jón Albert þakkaði frummælendum fyrir góð erindi, hann kvaðst vera stuðningsmaður þess að menn búi til eitt Landssamband hestamanna, full þörf sé á að stækka einingarnar og breyta þeim, við það muni félögin eflast. Tók sem dæmi verkefnið “Umhyggja og ábyrgð” sem fara á með inn í grunnskólana til kynningar á íslenska hestinum. Þetta hefðu hestamannafélögin átt að sjá um. Hestamannafélögin verða öflugri sem ein landssamtök.

Rekstur LH fyrstu 8 mánuðina 2001 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2002:

Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH, fór yfir rekstur LH fyrstu 8 mánuði þessa árs og vísast í árshlutareikning. Einnig lagði hún fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2002.

Reikningar fyrstu 8 mánuði ársins og fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar þingsins.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda:

Þingfulltrúi gerði grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda þingsins og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 2		Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 3		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 4		Fjárhagsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 5		Fjárhagsnefnd, Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 6		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 7		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 8		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 9		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 10		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 11		Ferða og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14		Æskulýðsnefnd, Fræðslu og útgáfun.
Tillaga á þingskjali nr. 15		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16		Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18		Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 19		Laganefnd, Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 22		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 23		Allsherjarnefnd, Fræðslu og útgáfun.
Ályktun frá Herði		Fræðslu- og útgáfunefnd
Ályktun frá Andvara		Ferða- og umhverfisnefnd
Árshlutareikningur 2001		Fjárhagsnefnd
Fjárhagsáætlun 2002		Fjárhagsnefnd

Laugardagur 13. október

Þingforseti, Marinó Hákonarson setti fundinn og las upp kveðju frá forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ellerti B. Schram.

Einnig höfðu borist þinginu beiðnir um framsal á atkvæðisrétti þingfulltrúa. Hulda Gústafsdóttir, Fáki, kæmi í stað Jónasar Kristjánssonar, Fáki og Helga Claessen, Fáki, færi með atkvæði fyrir Bjarna Sigurðsson, Fáki. Sveinn Skúlason, Andvara, færi með atkvæði fyrir Kristinn Hugason, Andvara. Marteinn Magnússon, Herði, færi með atkvæði Hreins Ólafssonar, Herði. Halldóra Hinriksdóttir, Sörla færi með atkvæði Sigríðar Sigþórsdóttur, Sörla. Þingið samþykkti þessar breytingar.

Næst var gengið til dagskrár: nefndir skila álit, umræður og afgreiðsla.

Nefndir skila álit:

Fræðslu- og útgáfunefnd

Frummælandi: Helga Fjóra Guðnadóttir, Geysi. Í nefndinni störfuðu 6 manns. Fyrir henni lá ályktun frá hestamannafélaginu Herði (þingskjal nr. 25) og þingskjal nr. 14 og 23 til umsagnar.

Þingskjal nr. 25, Ályktun frá hestamannafélaginu Herði

Hörður leggur til að þingið samþykki að útbreiðslu- og kynningarnefnd LH beiti sér enn frekar fyrir því að umfjöllun ljósvakamiðla frá stórmótum hestamanna verði aukin frá því sem nú er. Er þá sérstaklega vísað til Heimsmeistaramóts íslenskra hesta. Nefndin leggur til að ályktunin verði samþykkt og telur að íslenskir fjölmiðlar geti gert mun betur.

Ályktunin samþykkt samhljóða

Æskulýðsnefnd

Formaður nefndarinnar: Sigurður V. Ragnarsson. Í nefndinni störfuðu 9 manns. Fyrir henni lá þingskjal nr. 14 og einnig fékk hún þingskjal nr. 17 til umsagnar.

Þingskjal nr. 14

Sigurður V. Ragnarsson, Mána, kynnti umfjöllun æskulýðsnefndar þingsins á tillögu Hestamannafélagsins Gusts, en nefndin taldi að hvorutveggja ætti að gefa út handbók og að hafa upplýsingarnar fyrirliggjandi á heimasíðu LH. Nefndin leggur fram breytingartillögu á þingskjali nr. 14a.

Helga Fjóra Guðnadóttir, kynnti niðurstöðu fræðslu- og útgáfunefndar sem taldi tillöguna mjög góða en að hún geti verið dýr í framkvæmd fyrir févana landssamtök, þar sem tillagan fjallar um að gefa út bók/bækling. Nefndin bendir á að upplýsingum verði safnað frá félögum og sett á heimasíðu LH, sem gæti verið endurnýjanlegur banki fyrir æskulýðsstarf í landinu.

Gunnar Maggi Árnason, Fáki, sagði að það gleymist oft hvernig á að framkvæma tillögur peningalega, handbók myndi kosta 2-3 milljónir og ekki hægt að gera svo viðamikilið starf í sjálfboðavinnu. Óraunhæft sé að samþykkja svona tillögur án þess að hafa einnig tillögu um fjármögnun.

Jón Albert Sigurbjörnsson, sammála Gunnari Magga, þetta væri fjárhagslega mjög erfitt og vill fella tillögu 14, en samþykkja álit fræðslu- og útgáfunefndar sem ályktun þingsins.

Sigurður V. Ragnarsson, sagði hér væri ekki verið að tala um 50-60 síðna handbók heldur bækling í stærðinni A4 sem væri ódýr. Ekki væri gott að blása þetta svona af, það mætti setja bæklinginn á vefsíðu og annað.

Oddný Jónsdóttir, Gusti, ósammála Jóni Alberti og Gunnari Magga, æskulýðsnefndin hefði átt við lítinn bækling sem myndi kosta 3-400 kr. pr. eintak að útbúa. Hún sagðist hafa tekið við æskulýðsnefnd í sínu félagi síðasta vetur og ekki fundið neinar upplýsingar um æskulýðsstarf, það vanti upplýsingar um þennan málaflokk. Hún leggur til að tillaga æskulýðsnefndar verði samþykkt.

Ingimar Sveinsson, Faxe, vildi meina að svona bæklingur verði ekki gefinn út nema kosta einhverju til, betra sé að safna upplýsingum smám saman inn á heimasíðuna. Með því að hafa upplýsingarnar inni á heimasíðunni verður þetta endurnýjanlegt. Það er ekkert mál að uppfæra heimasíðu. Hann leggur til að tillagan frá fræðslu- og útgáfunefnd verði samþykkt.

Sigbór Gunnarsson, Stormi, sammála Ingimar, það sé spurning um hvort væri of djúpt í árina tekið að gefa út handbók. Það er mikilvægt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar og nauðsynlegt að smærri félögin geti sótt í reynslu stærri félaganna. Ýmsar nefndir hafa verið á ferðinni síðustu 2 árin, æskulýðsnefnd LH fór fundarferð um landið en lét ekki sjá sig á Vestfjörðum, eins var það með fundarferðina Átaksverkefnið í hestamennsku, Vestfjarðakjálkinn gleymdist.

Sigfús Helgason, Létti, verður hagsað til þingsins norður á Akureyri, umræða um æskulýðsmál hafi ekki verið eins mikil og síðan þá. Sigfús styður ekki Jón Albert og Gunna Maggi, handbókin er til, handbók sem dreift var á æskulýðsráðstefnu LH og var tekin saman af æskulýðsnefnd LH. Það geti ekki kostað 2-3 milljónir að gefa þessa handbók út. Hann sé tilbúinn að gera hana norður á Akureyri fyrir ekki neitt.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Gusti, gerir það að tillögu sinni að handbókin verði einhverskonar hugmyndabanki og sem væri aðgengileg á heimasíðu LH

Gunnar Maggi, ætlaði sér ekki að hella olíu á salinn, í þingskjali nr. 14 er talað um handbók, bók í hans huga er ekki minna en 80 síður. Það er alltaf verið að tala um að gera hlutina en ekkert kemst í framkvæmd og sé verið að tala um minna en 80 síður er komin allt önnur tillaga.

Sigurður V. Ragnarsson, segir þetta rétt hjá Gunnari Magga og leggur til að strika út orðið handbók, þá sé þetta komið og leggur fram tillöguna með þeim breytingum

Marínó Hákonarson, þingforseti, ber upp við þingið tillögu á þingskjali 14a með áorðnum breytingum, að fellt sé út “útbúin handbók”, tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 14a samþykkt samhljóða með orðalagsbreytingu.

Ferða- og umhverfisnefnd

Frummælandi: Jónas Kristjánsson, Fáki. Í nefndinni störfuðu 17 manns. Fyrir nefndinni lá þingskjal númer 11 og ályktun frá hestamannafélaginu Andvara.

Þingskjal nr. 11

Jónas las upp þingskjal nr. 11a, sem var með breytingum sem nefndin gerði á tillögu Hestamannafélagsins Fáks um reiðvegamál, þ.e. á þingskjali nr. 11. Er þetta viðamikilið þingskjal um reiðvegamál, með áskorunum til Vegagerðarinnar og hvatningu til stjórnar LH um úrbætur og þrýsting á aðgerðir. (sjá þingskjal nr. 11a, bls. 38 og 39)

Sigfús Helgason, Létti, getur tekið undir hvert einasta orð í tillögunni og leggur til að hún verði samþykkt. Borgaryfirvöld í Reykjavík” verði þó breytt í bæjaryfirvöld og/eða sveitastjórnir.

Gunnar Maggi, sem var í nefndinni, vonar að tillagan verði samþykkt, allt í lagi að fella út orðið slysatriggð í grein um torfæruhjól, kemur af sjálfu sér séu hjólin skráð.

Þingforseti leggur tillöguna fyrir þingið með áorðnum breytingum, bæta við bæjaryfirvöld og breyta í ábyrgðatriggð í staðinn fyrir slysatriggð, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 11a samþykkt samhljóða með orðalagsbreytingum

Þingskjal nr. 26

Jónas Kristjánsson las upp ályktun frá Ferða- og umhverfisnefnd þingsins, þingskjal nr. 26, sem unnið er upp úr ályktun frá hestamannafélaginu Andvara. Þar er hafnað viðhorfum þeirra sem takmarka vilja aðgang hestamanna að landinu.

Páll Dagbjartsson, ritari LH, fagnaði ályktun nefndarinnar.

Þingforseti leggur ályktunina fyrir þingið, sem er samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 26 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 27

Jónas Kristjánsson lagði fram nýja tillögu frá Ferða- og umhverfisnefnd sem beinir því til stjórnar LH að leita leiða til að afla aukinna fjárveitinga til reiðvegagerðar,

Þingskjal nr. 27 samþykkt samhljóða.

Kynbótanefnd

Frummælandi: Hjörtur Einarsson, Neista. Ekki lágu tillögur fyrir nefndinni. Hjörtur benti þingfulltrúum á að kynna sér niðurstöður úr rannsóknum Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis á Spatti. Nefndin lagði fram ályktun til þingsins á þingskjal nr. 28

Þingskjal nr. 28

Kynbótanefndin telur að umgjörð kynbótasýninga þurfi að bæta og leggur fyrir þingið ályktun þess efnis á þingskjali nr. 28.

Sigfús Helgason, Létti, sagðist geta í hjarta sínu verið sammála öllu því sem fram kemur í ályktuninni, hann sitji hinu megin við borðið og er oft ofboðið hvað hægt er að bjóða eigendum kynbótahrossa. Bændasamtökin eru framkvæmdaaðilar að sýningunum en hestamannafélögin eiga vellina. Þegar hestamenn vilja gera sýningarnar veglegar kemur upp spurningin hver á að borga. Skráningagjöld eru alltaf að hækka, ef Bændasamtökin eru tilbúin til að leggja fjármagn í þetta þá eru hestamenn til.

Helga Guðnadóttir, Geysi, sagði að hlutirnir megi aldrei kosta neitt. Hún er fulltrúi í félagsskap sem stendur að Gaddstaðaflötum og hefur heyrt þann orðróm að Hestamannafélagið Geysir hagnist á kynbótasýningum. Það er ekki rétt, heldur er kvartað yfir kostnaði. Það eru hrossaræktendur sem sýna á kynbótasýningum, sem áhugamannafélög standa að. Hrossaræktendur eru að kynna sína vöru og eiga áhugamannafélögin ekki að standa kostnað af því.

Hjörtur Einarsson, Neista, sagði það kostar mikla peninga að temja og ala hross. Hann myndi glaður borga nokkra þúsundkalla í viðbót til að tryggja að aðstæður væru góðar.

Þingforseti óskaði eftir því að menn stytti mál sitt, ekki bara vegna þess að Kristinn Hugason væri næstur á mælendaskrá.

Kristinn Hugason, Andvara, sagði að meðalafköst dómnefnda sé ca. 60 hross á dag. Kostnaðurinn er u.þ.b. 5000 kr. pr. hross. Það þurfi að taka fram í ályktuninni að sýningagjöld séu nú þegar há. Búnaðarsambönd fá verulega fjármuni frá hinu opinbera og því eiga hrossaræktendur ekki að standa undir öllum kostnaði.

Páll Dagbjartsson, stjórn LH, sagði að þessi umræða ætti í raun að fara fram í tengslum við sameiningu samtaka hestamanna, þarna eru ein samtök að sýna á völlum sem önnur félög eiga.

Viðauki frá Kristni Hugasyni borinn upp og samþykktur með þorra greiddra atkvæða gegn 6.

Ályktunin á þingskjali nr. 28 borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum frá Kristni Hugasyni og samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 28 samþykkt samhljóða

Allsherjarnefnd

Frummælandi: Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti. Í nefndinni störfuðu 14 manns. Fyrir henni lágu þingskjöl nr. 3, 6, 10, 12, 13, 15, 17, 20, og 23.

Þingskjal nr. 3

Tillaga frá stjórn LH um breytingu á reglugerð um dómaranefnd en breytingin felur í sér að stjórn LH skipar strax að loknu ársþingi 3 nefndarmenn, þar af 1 nefndarmann sem formann nefndarinnar. Gæðingadómarafélag LH og Íþróttadómarafélag LH komi með tillögu að einum nefndarmanni hvor.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

Nefndin leggur fram breytingatillögu á þingskjali nr. 6a, þess efnis, að í stað þess að fela stjórn LH að hefja sameiningarviðræður við stjórn Félags hrossabænda, þá verði stjórn LH heimilað að óska eftir viðræðum við stjórn Félags hrossabænda með það að augnamiði að kanna kosti og galla þess að sameina þessi tvö félagskerfi hestamanna undir merkjum LH. Niðurstaða liggi fyrir á næsta ársþingi LH.

Halldór Ingi Guðnason, sagðist vera einn af þeim sem telur það ekki tímabært að fara út í þessa umræðu um sameiningu samtakanna. Peningalega séð myndi þetta ekki skila neinum árangri. Hann leggur til að tillaga á þingskjali 6a verði felld. Finnst réttara að leyfa stjórn LH að sanna sig með þau verkefni sem liggja fyrir nú þegar.

Bergur Jónsson, Freyfaxa, fannst hestamenn þurfa að gera sér grein fyrir því að LH eru samtök neytenda, Félag hrossabænda eru samtök framleiðenda. Þetta væri svipað og ætti að sameina kaupmannasamtökin og neytendasamtökin.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, starfaði í allsherjarnefnd og þótti Þóra röggöm sem formaður nefndarinnar, eina konan að stjórna 13 körlum. Umræðurnar hefðu verið málefnalegar og gagnlegar. Á þessu þingi eiga að vera málefnalegar umræður um málefni hestamanna og tillagan gengur út á heimild til stjórnar að kanna sameiningu. Eftir setu í stjórn í LH í 2 ár þá telur hann bráðnauðsynlegt að samtök hestamanna sameinist. Eins og staðan er þá er gengið fram hjá hestamönnum í ýmsum málum. Þingið heimili stjórninni að kanna grundvöll að sameiningu, það sé vantraust ef stjórnin fær ekki heimild til að tala við Félag hrossabænda.

Einar Ragnarsson, Herði, finnst það ekki rétt að sameina. Það liggi fyrir yfirlýsing frá Kristni Guðnasyni, formanni Félags hrossabænda, um að hann vilji ekki sameiningu. Einari finnst ekki hægt að bera saman sameiningu LH og HÍS og þessar þreifingar. Yfirlýstur vilji Jóns Alberts sé að hann vilji sameina og það fljótt og hratt. Einar telur það tímasóun að eyða starfskröftum annars mjög góðra stjórnarmanna að sækjast eftir sameiningarviðræðum við samtök sem hafa lýst því yfir að þau vilji ekki sameiningu.

Kristinn Hugason, Andvara, sagði tilganginn með tillögunni að heimila stjórninni að ræða sameininguna. Það væri óhugsanlegt í lýðræðisþjóðfélagi að meina mönnum að

kanna hlutina. Honum sé það gersamlega hulið hvernig menn geti búið yfir svona yfirburðaviti að vita allt fyrirfram.

Guðmundur Hagalínsson, Gusti, finnst hér á ferðinni óþarfa hræðsla við þessa tillögu, einungis sé um að ræða heimild til stjórnar að kanna grundvöll fyrir sameiningu. Hann beri fullt traust til stjórnar LH til að vinna þetta mál og beri því að samþykka tillöguna.

Sigfús Guðmundsson, Smára, sér ekki tilgang með því að hártogast fram og aftur og finnst tillagan algerlega óþörf. Félag hrossabænda hefur lýst því yfir að ekki sé áhugi fyrir sameiningu. Vilji stjórnin nauðga sér upp á einhverja sem ekki hafa áhuga á samstarfi þá þurfi hún ekki samþykkt þingsins til þess.

Haraldur Þórarinnsson, finnst það vantraust á stjórnina ef þeim er ekki heimilað að óska eftir þessum viðræðum og skoða hagræðinguna við sameiningu. Það væri ótrúlegt ef þingið ætli að fella tillögu sem gengur út á að búa til pakka til samþykktar fyrir næsta þing. Það sé rangt að stjórn Félags hrossabænda hafi hafnað samstarfi. Ekki hafi farið fram nein atkvæðagreiðsla innan þeirrar stjórnar um hugsanlega sameiningu.

Bjarni Þorkelsson, Trausta, sagði hans sjónarmið gera það að verkum að hann komi upp í pontu með blendnu hugarfari. Það sé ástæðulaust að binda hendur stjórnar LH milli þinga þannig að hún geti ekki komið áfram sínum áhugamálum, s.s. að ræða við hvern sem er. Á hinn bóginn vill svo til að við erum svo til nýgengin í íþróttahreyfinguna og nú á að knýja dyra hjá Bændasamtökunum. Fer vel á því að íþróttamenn séu bændur og bændur íþróttamenn en Bjarni sér ekki að þessi tvenn samtök geti fundið sér sameiginlegan farveg. Nauðsynlegt er að þessar hreyfingar sameinist í grasrótinni og finni þaðan hjá sér vilja eða nauðsyn til sameiningar.

Helga Fjóla Guðnadóttir, Geysi, finnst heimildin fyrir hendi, hún sé innifalin í markmiðum um Átaksverkefni í hestamennsku. Umræðan sé því óþörf og leggur til að tillögunum verði báðum vísað frá, þingskjöl nr. 6 og 6a.

Páll Dagbjartsson, stjórn LH fannst frávísunartillögur misnotaðar, stjórnin þurfi að vita vilja þingfulltrúa.

Þingforseti, Marinó Hákonarson, fer fram á skriflega frávísunartillögu og ber síðan upp frávísunartillöguna frá Helgu Fjólu Guðnadóttur.

Niðurstaða úr talningu atkvæða; frávísunartillaga samþykkt með 52 atkvæðum gegn 42 mótatkvæðum.

Þingskjali nr. 6 og 6a vísað frá með 52 atkvæðum gegn 42.

Þingskjal nr. 10

Þóra Ásgeirsdóttir kynnti næst þingskjal 10, tillaga frá Hestamannafélaginu Andvara með smávægilegum orðalagsbreytingum frá allsherjarnefnd (þingskjal nr. 10a). Þingið samþykki að 100m skeið með fljótandi starti, sem verði kallað flugskeið, verði tekin upp sem fullgild keppnisgrein á kappreiðum innan LH. Þannig verði keppt í 100 m

skeiði með fljótandi starti á næsta landsmóti og eftirleiðis á öllum helstu mótum á vegum samtakanna.

Pingskjal nr. 10a borið upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 12

Þóra Ásgeirsdóttir kynnir þingskjal nr. 12, tillögu frá Hestamannafélaginu Fáki um breytingu á reglum um lágmarkseinkunnir í meistaraflokki. Allsherjarnefnd mælir með því að tillagan verði felld en keppnisnefnd, sem hafði tillöguna til umsagnar, mælir með að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Einar Ragnarsson, formaður keppnisnefndar, sagði það mat margra sem koma að keppni að dómara séu ekki alltaf starfi sínu vaxnir og má það ekki koma niður á keppendum. Eins og reglan er í dag þá verða menn að velja um að taka einfaldlega ekki þátt í keppni, ef þeir hafa slysast til að ná lágmarksárangri í meistaraflokki.

Þóra Ásgeirsdóttir, sagðist eiga erfitt með að halda utan um hve oft menn hafi slysast á lágmarksárangurinn, ekki er gott að fylgjast með því milli móta.

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki, sagði dómara geta verið hátt stemmda og gefið góða punkta og þar af leiðandi fer keppandinn upp í meistaraflokk með atvinnumönnunum, þar sem hann kannski á ekki erindi og vill ekki vera. Þessi breyting sé réttlætissjónarmið og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Erling Sigurðsson, Andvara, segjum svo að dómara geri vinnuslys og dæmi hest of hátt, þá finnst honum persónulega að þrátt fyrir allt að þegar hestur er búinn að fá meistaraflokkseinkunn, þá verði hann þar.

Þóra Ásgeirsdóttir, sagði að ef við eigum ekki nógu góða dómara, þá þarf að taka á því einhverstaðar annarsstaðar, ef dómara eru ekki starfi sínu vaxnir, þá á að fjalla um það hjá dómarafélögunum en ekki breyta reglum.

Þingforseti bar þingskjal nr. 12 upp og var tillagan samþykkt óbreytt með þorra atkvæða gegn 16.

Pingskjal nr 12 samþykkt með þorra atkvæða gegn 16.

Pingskjal nr. 13

Allsherjarnefnd gerði breytingu á tillögunni og leggur fram sem þingskjal nr. 13a. Upprunalega tillagan frá hestamannafélaginu Gusti er um að á ársþingum sambandsins geri stjórn LH grein fyrir stöðu þeirra mála sem samþykkt voru á næsta ársþingi á undan. Þar sem þetta er gert nú þegar smb. skýrslu stjórnar og hefur verið í undanförunum tveimur skýrslum, gerði nefndin þær breytingar að LH sendi yfirlit til þingfulltrúa með þingboðun um afdrif þeirra mála sem samþykkt voru á næsta ársþingi á undan.

Pingskjal nr. 13a samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 15

Þingskjalið var einnig til umfjöllunar í ferða- og umhverfisnefnd. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga þessi um lögfestingu á notkun reiðhjálma verði samþykkt.

Kristinn Hugason, sagðist vera hlynntur hjálmanotkun en eigi að síður andvígur lögleiðingu hjálmanotkunar. Lögleiðing sé ófær vegna annmarka á lagasetningunni.

Vilhjálmur Ólafsson, Sörla, sammála Kristni. Í Hafnarfirði er þúkó að vera ekki með hjálm og hægt er að hvetja til hjálmanotkunar án lagasetningar. Vilhjálmur er algerlega á móti þessari tillögu.

Jónas Kristjánsson, sagði að hann gerði ráð fyrir að ekki verði mörg ár þar til Alþingi samþykki lög um reiðhjálmanotkun. Til eru lög um bílbeltanotkun og jafn erfitt er að fylgja því eftir með eftirliti og refsingum og hjálmanotkun. Hestamenn hafi nógu illt orð á sér, séu álitnir villimenn sem ekki verðleggja sitt heilabú hátt. Best sé að hestamenn gangi á undan með góðu fordæmi, sérstaklega keppnismenn og beri hjálma þegar þeir eru að æfa sig.

Þóra Ásgeirsdóttir, sagði að til eru ný lög um notkun reiðhjólajahjálma, ekkert erfiðara að fylgja eftir lögum um reiðhjálma. Hestamennska er mikil barna og unglingagrein, afreksfólkið er fyrirmyndirnar og hún var ánægð að sjá alla keppendur á heimsmeistaramótinu í sumar með hjálma.

Marínó Hákonarson, Hendingu, sagði að stórmunur væri á hvort við hestamenn setjum okkur lög eða hvort við förum með það inn í sali Alþingis. Mikil hjálmanotkun er á Vestfjörðum, af 77 manna hópi í Jónsmessureið voru 4 ekki með hjálm. Það þurfi að leysa málin frekar með breytingu á hugarfari heldur en lagasetningum.

Kristinn Hugason, sagði það tvennt ólík að hestamenn setji sitt eigið skipulag eða ef við kvöbbum á Alþingi að setja okkur reglur. Virða þarf eigið framtak og hafa hjálma á kollinum.

Gengið til atkvæða um þingskjal nr 15, tillögu um að hvetja til lögleiðingar á reiðhjálmanotkun. Var hún felld með 57 atkvæðum gegn 24.

Þingskjal nr. 15 felld með 57 atkvæðum gegn 24

Þingskjal nr. 17

Þingskjalið var einnig til umfjöllunar í keppnisnefnd og æskulýðsnefnd Allsherjarnefnd leggur til breytingatillögu, þingskjal nr. 17a, um að heimilt verði að skipta Íslandsmóti upp í tvö mót, mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hinsvegar. Upprunalega tillagan var um að Íslandsmótum **skuli** skipta upp.

Jón Albert, var lengi vel á móti því að skipta mótinu í tvennt en hefur skipt um skoðun og er nú hlynntur tillögunni. Mótin voru of löng og með þessu geti mótshaldarar ákveðið hvort þeir treysti sér til að halda mótin í einu lagi eða skipta þeim upp.

Einar Ragnarsson, Herði, sagði erfitt að standa undir þeim kostnaði sem er af því að halda Íslandsmót, hvað þá ef þau eru orðin tvö eins og tillagan felur í sér. Skilningur keppnisnefndar þingsins var að á einu móti geti ekki tveir keppendur í sömu grein keppt á sama hestinum og því skuli skipta Íslandsmótunum.

Sigurður Ragnarsson, æskulýðsnefnd fékk tillöguna til umsagnar og mælir með því að tillaga á þingskjali nr. 17 verði samþykkt óbreytt.

Erling Sigurðsson, finnst að það eigi eindregið að samþykkja þingskjal nr. 17. Á Íslandsmótinu í Mosfellsbæ máttu unglingar keppa í ungmennaflokki og þá er verið að bjóða hættunni heim. Hann styður þingskjal nr. 17.

Tillaga á þingskjali nr. 17a var borin upp og felld með þorra greiddra atkvæða.

Tillaga á þingskjali nr. 17 var borin upp og samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 17 samþykkt með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal nr. 20

Tillaga frá Stormi um að stjórn LH verði falið að beita sér fyrir sameiningu smærri hestamannafélaga, þar sem tvö eða fleiri eru í sama bæjarfélagi.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði felld og var það samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 20 felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal nr. 23

Þingskjalið var einnig til umræðu í fræðslu- og útgáfunefnd. Allsherjarnefnd leggur fram breytingatillögu, þingskjal 23a, en nefndin gerði smá orðalagsbreytingu við tillögu frá tölvunefnd sem er um notkun á tölvuforriti við skil á niðurstöðum móta sem haldin eru á vegum aðildarfélaga LH.

Einar Ragnarsson, styður tillöguna

Oddur Hafsteinsson, Andvara og formaður tölvunefndar LH, gerði enn frekar grein fyrir tillögunni fyrir hönd tölvunefndar.

Þingskjal nr. 23 samþykkt samhljóða

Matarhlé

Erindi:

Átaksverkefni - kynning á störfum mótahóps. Hulda Gústafsdóttir, verkefnastjóri, kynnti þau verkefni sem hafa verið á borði mótahóps á vegum átaksverkefnisins og tillögur hópsins.

Hægt er að fá ljósrit að þessum verkefnum á skrifstofu LH.

Keppnisnefnd

Frummælandi: Einar Ragnarsson, Herði. Í nefndinni störfuðu 17 manns auk þeirra 5 sem skipaðir voru af kjörnefnd.

Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 1, 7, 8, 9, 19, 21 og 22. Einnig fékk hún þingskjöl númer 12 og 17 til umsagnar en þeim tillögum var vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 1

Tillaga frá stjórn LH um að erlendum ríkisborgurum sé heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ og LH, öðrum en millilandakeppnum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Að keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. grein

Um félagsskipti erlendra ríkisborgara gilda reglur 3. greinar:

Erlendur ríkisborgari getur þó aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenski ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 1 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

Tillaga frá Andvara um breytingu á reglum um íþróttakeppni. Breyting á 1. gr. og öðrum greinum þar á eftir til samræmis:

Fellð verði niður keppni í fimi og hindrunarstökki í öllum flokkum.

Keppnisnefnd lagði fram breytingatillögu á þingskjali nr. 7a, á þá leið að heimilt verði að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.

Þingskjal nr. 7a samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

Tillaga frá Hestamannafélaginu Andvara um breytingu á reglugerð um skeifur; “Mæla skal þykkt og breidd á skeifum á hæl og tá.”

Keppnisnefnd leggur til breytingatillögu á þingskjali nr. 8a; “Þó má skeifa fara í 23 mm við fjaðragöt án frávika.”

Erling Sigurðsson tók með sér sýnisgripi í pontu og sýndi mönnum teina sem skeifur eru búnar til úr og tilbúna skeifu og útskýrði mælingar, vill breytingu á reglunum svo menn þurfi ekki að eyða 4 tímum á mótum við að slípa til skeifur.

Þingforseti, Marínó Hákonarson, þakkaði Erlingi fyrir að hafa ekki komið með hrossið með sér líka. Bar upp þingskjal nr. 8a.

Þingskjal nr. 8a samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 9

Tillaga hestamannafélagsins Andvara um breytingar á reglum um íþróttakeppni – töltkeppni sem gengur út á að hraðabreytingar og hratt tölt verði eingöngu riðið á vinstri hönd. Keppnisnefnd leggur fram breytingatillögu, þingskjal nr. 9a, um að dómara ákveða hve lengi má ríða á hverri gangtegund, þó má ekki fara fleiri en **tvær** umferðir á hvora hönd á hverjum hraða.

Einar Ragnarsson, útskýrði sparnað þann sem fælist í því, að í stað þess að breyta orðalagi á sjálfum reglunum, væri hægt að hafa viðauka um að ekki mætti ríða nema tvær umferðir á hverjum hraða.

Ingimar Sveinsson, Faxa, sagði að ef það standi annarsveggar nokkra hringi og hins vegar “þó ekki nema tveir”, þá verði þetta eilíft þrætuefni.

Erling Sigurðsson, sagði það jaðra við dýraplagerí að taka reglurnar beint af kúnni og ríða þrjá hringi í töltkeppni, hestarnir séu ekki bara búnir heldur gjörsamlega búnir. Finnst það nauðsynlegt að undirstrika að ekki séu riðnir meira en tveir hringir.

Einar Ragnarsson, sagði að töluliðir séu útskýring á verkefninu, en aftur á móti sé málsgreinin á eftir ákvarðandi.

Sigurður Ragnarsson, sagði það ekki viðunandi að skila frá okkur svona ógreinilegu plaggi, þetta er töltkeppnin sjálf. Þó það kosti að prenta þurfi 3 blaðsíður í reglugerðarbókinni upp á nýtt.

Bar fram frávísunartillögu á 9a og bar upp breytingatillögu 9b.

Þingforseti frestað afgreiðslu þingskjala 9, 9a, og 9b þar til 9b berst skriflega.

Þingskjal nr. 19

Þingskjalið var einnig til umsagnar í laganefnd. Einar Ragnarsson kynnti tillögu hestamannafélagsins Stíganda og Gæðinga-dómarafélags LH um fjölda dómara á lands- og fjórðungsmótum. Keppnisnefndin leggur til að tillagan verði felld.

Sigurbjörn Bárðarson, sagðist efins í byrjun, dómarastörf og endurhæfing dómara hafi verið í lamasessi undanfarin ár. Það sé vafasamt að hafa bara 3 dómara, þó það séu dómarapör. Hann segist þó vita að Skagfirðingar hafa lagt mikla vinnu í endurhæfingu dómara og styður tillögu og leggur til að hún verði samþykkt.

Baldur Björnsson, Faxa, sagði að verið sé að gera grín að dómurum og vinnuslysum, þetta er ráðstöfun til að bæta þau mál.

Hjörtur Einarsson, Neista, sagði að dómstörf geta tekið langan tíma, við þessa breytingu styttest sá tími sem fer í að lesa upp einkunnir, en um leið fjölga dómurum. Við fáum vonandi betri dóma, betri dómara, og metnaðarfullri dómstörf.

Þóra Ásgeirsdóttir, vonar að orð Hjartar reynist sannmæli, hvað ef upp kemur ágreiningur milli dómara, hver á að leysa hann? Þóru finnst hún ekki hafa fengið að vita nógu mikið um þá vinnu sem er búið að vinna fyrir norðan.

Fram kom ósk um orðalagsbreytingu. Í stað; “þingið samþykki að veita Landsmóti 2002 undanþágu frá 5. grein laga um dómara og dómstörf”, komi að þingið veiti “stjórn LH heimild til að veita LM 2002 undanþágu frá 5. grein laga um dómara og dómstörf”. Og út úr tillögunni falli; “Breytist í: Dómnefnd dómara á LM 2002, sem dómaranefnd LH tilnefnir með samþykki stjórnar LH skal vera skipuð þremur dómarapöllum, ásamt þeim sjöunda sem jafnframt er kynnir og stjórnandi keppninnar. Auk þeirra skulu vera til taks tveir varadómarar.”

Marínó Hákonarson leitar eftir samþykki þingsins til að leggja tillögu 19a fyrir þingið, og var það samþykkt.
Tillaga 19a síðan lögð fyrir þingið, samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal nr. 19a samþykkt með þorra atkvæða gegn 3.

Þingskjal nr. 9b

Tillaga að breytingu á töltkeppni, þingskjal 9b, hafði verið dreift til þingfulltrúa og þingforseti bar hana upp.

Þingskjal nr. 9b samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 21

Tillaga frá hestamannafélaginu Sörla um breytingu á 11. grein laga um íþróttakeppni; “Ef tveir eða fleiri verða jafnir úr forkeppni í 5., 6., eða jafnvel 7. sæti skal kanna einstakar einkunnir dómara og reikna út nákvæmar einkunnir og skera þannig út um röð. Ef einhverjir tveir eða fleiri eru þá enn jafnir skulu þeir allir vera með í úrslitunum. Sama gildir um 10. sætið ef mótið býður upp á B úrslit.”
Keppnisnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 21 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 22

Tillaga frá Sörla þess efnis að fella niður tvöfalt væri hæga töltsins.
Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði felld. Samþykkt með þorra atkvæða að fella tillögu.

Þingskjal nr. 22 felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal nr. 29

Einar Ragnarsson kynnti þingskjal nr. 29, ný tillaga frá keppnisnefnd þingsins, um breytta stigagjöf í gæðingaskeiði.

Jón Albert, er alfarið á móti því að nefndir búi til nýjar tillögur, tillögur eins og þessar eiga að vera tilbúnar fyrir þing.

Erling Sigurðssyni, fannst svolítið komið bakdyramegin inn með þessa tillögu, gæðingaskeiðið er fagmennska. Þegar búnar eru til harðari keppnir, verður áherslan á meiri hraða og tilheyrandi. Erlingur vill halda gæðingaskeiðinu óbreyttu.

Sigurður V. Ragnarsson, er sammála Jóni Albert að öllu jöfnu, en sagði að einróma samþykki var í keppnisnefnd um að koma þessari breytingu í gegn til að verja þessa grein.

Ingimar Sveinsson, sagði að ef það stendur skýrt í lögum að aðeins megi bera upp undirbúnar tillögur, þá sé ekki hægt að brjóta lög félagsins.

Þingforseti las upp 4 gr. laga sem segir að tillögur þurfi að berast 4 vikum fyrir þing. Forseti bar undir þingið hvort megi bera tillöguna upp. Tillögunni vísað frá með þorra atkvæða.

Þingskjal nr. 29 vísað frá með þorra greiddra atkvæða

Laganefnd

Frummælandi: Sigurður Steinþórsson, Smára. Í nefndinni störfuðu 5 manns. Fyrir henni lágu þingskjöl númer 2, 16 og 18. Einnig var hún með þingskjöl nr. 5 og 19 til umsagnar.

Þingskjal nr. 2

Tillaga frá stjórn LH um breytingar á lögum LH um dómstólaskipan. Þessar breytingar eru nauðsynlegar til að samræma lög og reglur LH að þeirri breytingu sem varð á dómstólaskipan ÍSÍ þann 1. júní 2001, en þá féllu allir héraðsdómsstólar niður og dómstólar ÍSÍ tóku við.

Þingskjal nr. 2 samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 16

Tillaga frá hestamannafélaginu Herði um ný þingsköp fyrir Landsþing hestamanna. Laganefnd lagði fram breytingatillögu á þingskjali nr. 16a um að fela stjórn LH gerð nýrra þingskapa og leggja til grundvallar þingskjal nr. 16 og nógildandi þingsköp frá 1985 og leggja fyrir næsta Landsþing.

Páll Dagbjartsson, ánægður með þessa tillögu, þurfum að taka þingsköp landþinga LH til endurskoðunar.

Þingskjal nr. 16a samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 18

Tillaga frá hestamannafélaginu Herði þess efnis að landsþing verði haldið annað hvert ár. Laganefnd leggur fram breytingatillögu á þingskjali nr. 18a, um að stjórn LH vinni að nauðsynlegum breytingum á lögum og reglum LH svo þetta sé hægt og leggi fyrir næsta landsþing.

Jón Albert fagnar þessari tillögu, að haldið verði þing annað hvert ár en það þurfi formannafundi þess á milli. Nauðsynlegt að gera reglugerð um formannafundi.

Þingforseti bar upp tillögu á þingskjali nr. 18a og var hún samþykkt með þorra atkvæða gegn 7.

Þingskjal nr. 18a samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 7

Fjárhagsnefnd,

Frummælandi: Hannes Hjartarson, Andvara. Í nefndinni störfuðu 14 manns. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 4 og 5 og árshlutauppgjör LH fyrstu 8 mánuði ársins 2001 (þingskjal nr. 24). Einnig tók nefndin fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 frá stjórn LH (þingskjal nr. 30).

Þingskjal nr. 4

Tillaga frá stjórn LH um að félagsgjald LH árið 2002 verði hækkað í 1.450 kr. Nefndin mælir með að tillagan verði felld.

Þingforseti lagði tillöguna fyrir þingið til atkvæðagreiðslu og var hún felld með 35 atkvæðum gegn 24.

Þingskjal nr. 4 felld með 35 atkvæðum gegn 24

Þingskjal nr. 5

Þingskjalið var til umsagnar hjá laganefnd. Tillaga frá stjórn LH um breytingu á gjalddögum árgjalds LH. Þeir voru áður 15. júní og 15. ágúst ár hvert.” en breytist í; “Gjalddagar árgjalds skulu vera tveir, 1. maí og 1. september ár hvert.”

Þingskjal nr. 5 samþykkt

Þingskjal nr. 24

Fjárhagsnefnd var með árshlutareikninga LH fyrstu 8 mánuði ársins til umfjöllunar sem þingskjal nr. 24. Tillaga var samþykkt í nefndinni um að framvegis liggi upplýsingar um stöðu LH samkvæmt árshlutareikningi, janúar – ágúst ár hvert, fyrir á netinu og einungis rekstrarreikningi (1. bls.) verði dreift á landsþingi. Þessi tillaga var lögð fram sem þingskjal nr. 24a.

Jón Albert, alfarið á móti því að setja reikninga félagsins á netið, hann lagði fram breytingartillögu þess efnis að reikningarnir verði sendir til félaganna með þinggögnum.

Þingforseti bar upp breytingartillöguna á þingskjali nr. 24b. Sú tillaga samþykkt af þinginu.

Þingskjal nr. 24b samþykkt

Þingskjal nr. 30

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 frá stjórn LH, lá fyrir nefndinni sem þingskjal nr. 30. Gerði hún m.a. breytingar á liðnum árgjöld félaga þar sem ekki var samþykkt hækkun á félagsgjöldum fyrir árið 2002.

Fjárhagsáætlun 2002 var lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 30 samþykkt samhljóða

Kosningar:

Þingforseti, Marinó Hákonarson kynnti næsta dagskrárlið, kosningar, en kosið er um til tveggja ára; varaformann, 2 meðstjórnendur og 5 varamenn stjórnar. Einnig skoðunarmenn ársreikninga til eins árs.

Guðmundur Hagalínsson, formaður kjörnefndar, kynnti tillögur kjörnefndar til stjórnarkjörs á 52. LH þingi 2001. Haraldur Þórarinnsson gefur kost á sér til endurkjörs sem varaformaður LH og Sigfús Helgason sem meðstjórnandi. Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Tillögur kjörnefndar eru því eftirfarandi:

Varaformaður til tveggja ára:	Haraldur Þórarinnsson	Sleipni
2 meðstjórnendur til tveggja ára	Sigfús Helgason	Létti
	Sigurður Ævarsson	Sörla
5 varamenn til eins árs	Sigurður Steinþórsson	Smára
	Einar Ragnarsson	Herði
	Ómar Antonsson	Hornfirðingi
	Helga Fjóra Guðnadóttir	Geysi
	Vilhjálmur Skúlason	Fáki
Skoðunarmenn til eins árs	Gísli B. Björnsson	Fáki
	Pjetur N. Pjetursson	Sörla

Þingfulltrúar samþykktu allar tillögur kjörnefndar með lófataki.

Ákvörðun um val á Íslandsmótsstað árið 2002 og 2003:

Borist hafa bréf frá hestamannafélagunum Herði, Fáki og Sleipni.

Hestamannafélagið Hörður sækir um að halda Íslandsmót næstu 5 árin og halda áfram að þróa það rekstrarfyrirkomulag sem reynt var árið 2001.

Hestamannafélagið Fákur býðst til að halda bæði Íslandsmót fullorðinna og mót barna- unglinga og ungmenna árið 2002, Landsþing LH 2002 og svæði Fáks til Landsmótahalds 2004.

Hestamannafélagið Sleipnir býðst til að sjá um framkvæmd Íslandsmóts fullorðinna árið 2003.

Jón Alber Sigurbjörnsson stakk upp á því að þessu yrði vísað til stjórnar LH, hún muni senda valinkunna menn til að meta aðstæður og velja Íslandsmótunum stað.

Þingið samþykkti að vísa þessum bréfum og ákvörðunum til stjórnar LH, með lófaklappi.

Afhending unglíngabíkar LH

Jón Albert, formaður LH sagði frá því að ákveðið var árið 1996 að afhenda unglíngabíkar LH, sem hvatningaverðlaun fyrir vel unnið unglíngastarf hjá hestamannafélagi. Í ár varð fyrir valinu Hestamannafélagið Máni í Reykjaneshæ.

Þeir hjá Mána hafa farið nýjar leiðir í unglíngastarfinu, þar eru foreldrarir tengiliðirir og það hefur myndast nokkurskonar foreldrafélag sem hefur stutt ótullega við bakið á öllu æskulýðsstarfi.

Fulltrúar Hestamannafélagsins Mána veittu bíkarnum viðtöku og þökkðu kærlega fyrir heiðurinn.

Önnur mál:

Þingforseti gaf orðið laust undir dagskrárliðnum önnur mál.

Ingimar Sveinsson er verulega ósáttur við að ekki skuli vera kona í aðalstjórn LH. Nú þegar Sigrún Ólafsdóttir hættir er bara ein kona í varastjórn. Hann lýsti einnig óánægju sinni með hvernig skeiðið var riðið á síðasta Heimsmeistaramóti og vill að við gerum skeiðið að þeirri snillings þjóðaríþrótt eins og það er búið að vera í gegnum aldirnar, með fallegu samspili knapa og hests.

Birgir Rafn Gunnarsson, þakkar vestfirðingum fyrir vel unnið þing. Einnig bað hann menn að klappa fyrir Ingimari Sveinssyni og Sveini Guðmundssyni sem hafa setið flest þing LH frá upphafi.

Ingimar Ingimarsson stjórnarmaður í Félagi hrossabænda, sagði frá námskeiði sem Íþróttasamband Fatlaðra stóð fyrir á Sauðárkróki í haust, fyrir leiðbeinendur og áhugasama aðila um reiðmennsku og reiðþjálfun fyrir fatlaða. Megintilgangur námskeiðsins var að kanna áhuga á þessu máli hér á landi og hvetja til samvinnu á þessu sviði. Ingimar hvatti þingfulltrúa til að styðja við hestaíþróttir fatlaðra hvar sem þeir geta og bentu mönnum á ljósrit af bréfi sem dreift var til allra þingfulltrúa, frá Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra fræðslu og útbreiðslusviðs ÍF, þar sem hún óskar eftir stuðningi þingfulltrúa í þessu máli.

Oddný Jónsdóttir, Gusti, óskaði nýrri stjórn til hamingju en var ekki ánægð með að ekki væru fleiri konur í stjórn. Hvatti hún hestamenn til að mæta á uppskeruhátíð hestamanna í Broadway 16. nóvember n.k.

Þóra Ásgeirsdóttir, óskaði nýrri stjórn til hamingju en lýsti þeirri skoðun sinni að það væri skandall að ekki skyldi vera kona í aðalstjórn. Þóra sagðist einnig vera mjög ósátt við að fulltrúar gætu greitt atkvæði fyrir fleiri fulltrúa en sjálfa sig og væru því með 2 spjöld.

Sigurður Ragnarsson, skoraði á stjórn LH að gerðar yrðu þær kröfur til myndatökumanna á stórmótum að þeir vönduðu vinnubrögð og tækju einnig myndir af keppnum í barna- og unglíngaflokkum.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, þakkaði Sigrúnu Ólafsdóttur gjaldkera fyrir vel unnin störf í stjórn og vakti athygli á því að það losna nokkur sæti í stjórn á næsta ári. Sveinbjörn vill vekja athygli manna á frábærum störfum landsliðsnefndar, landsliðs og annarra sem að heimsmeistaramótinu komu. Kostnaður við mótið er orðinn gífurlegur og mikill vinna við að safna styrkjum til að standa undir þeim. Þetta hafi Þresti Karlssyni, formanni landsliðsnefndar, tekist ásamt sínum mönnum og gott betur.

Ármann Magnússon, Freyfaxa, var með fyrirspurn um jöfnun flutningskostnaðs hesta á landsmót.

Þingforseti, Marinó Hákonarson, færði starfsmönnum þingsins þakkar fyrir vel unnin störf.

Jón Albert sagði það styrk Landssambandsins að halda landsþingin út á landi. Einnig talaði hann um samstarf sitt við Sigrúnu Ólafsdóttur sem hann sé búinn að vinna með í mörg ár. Hún hafi verið gjaldkeri bæði hjá HÍS og LH síðan 1995 og þakkar henni sérstaklega vel unnin störf og gott samstarf. Jón Albert benti á varðandi sjónvarpsupptökur á mótum, að mjög erfitt er að fá fólk til að taka þetta að sér. Menn telja engar tekjur fáið af þessu. Ekki hefur verið farið í að athuga með flutningakostnað vegna Landsmóta. Jón Albert þakkar þingfulltrúum fyrir gott þing og þakkar heimamönnum sérstaklega fyrir góðar móttökur.

Þingi slitið klukkan 17:30